




Aðalskipulag Sveitarfélags Skagafjarðar 2020-2035

Tillaga að óverulegri breytingu á íbúðarbyggð (ÍB-801)



Gildandi aðalskipulag Þéttbýlisuppráttur Steinsstaðir staðf. 04.04.2022 mkv.: 1:10.000

GREINARGERÐ

Sveitarstjórn Skagafjarðar leggur fram tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Sveitarfélags Skagafjarðar 2020 – 2035 sem felur í sér fjölgun íbúða innan svæðis ÍB-801 á Steinsstöðum, sem er við Lækjarbakka og Merkigarðsveg. Aðalskipulag Sveitarfélags Skagafjarðar 2020 – 2035 var staðfest 4. apríl 2022.

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir þróun íbúðarbyggðar ÍB-801 í góðu samhengi við núverandi byggð til að stuðla að hagkvæmri nýtingu innviða. Núverandi íbúðir innan ÍB-801 eru 9 talsins. Á grundvelli nýs deiliskipulags fyrir hluta ÍB-801 er gerð breytinga á töflu 8.1 þar sem fjöldi nýrra íbúða verður 15 þannig að heildar fjöldi í ÍB-801 verði 24. Nýjum dálki er bætt við töfluna með samantekt heildarfjölda íbúða. Ekki er gerð breyting á uppdrætti aðalskipulagsins.

Sveitarstjórn Skagafjarðar telur að breytingin sé óveruleg sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 30.-32. gr. skipulagslaga. Breytingin telst óveruleg þar sem hún felur ekki í sér breytta landnotkun heldur lítilsháttar fjölgun íbúða. Breytingin er ekki líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila.

UMHVERFISÁHRIF

Umhverfismat skoðar og metur áhrif breytingartillögu til samanburðar við áhrif óbreyttrar stefnu aðalskipulags. Þéttling byggðar innan ÍB-801 er í samræmi við ákvæði í gildandi aðalskipulagi. Áhrif breytingar eru engin á umhverfispætti.

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerð er breyting á greinargerð, töflu 8.1 Íbúðarbyggð á Steinsstöðum og fjöldi íbúða

Tafla fyrir breytingu

Tafla 8.1 Íbúðarbyggð á Steinsstöðum og fjöldi íbúða

Nr#	Staður	Stærð (ha)	Fjöldi nýrra íbúða	Núverandi íbúðir	Tími*
ÍB-801	Lækjarbakki – Steinaborg	4,6	10	9	1, 2
ÍB-802	Laugarhvammur	0,4	2	2	1, 2
Samtals		5	12	11	

* 1: 2020-2027, 2: 2028-2035. Áætluð áfangaskipting uppbyggingar.

Tafla eftir breytingu

Tafla 8.1 Íbúðarbyggð á Steinsstöðum og fjöldi íbúða

Nr	Staður	Stærð (ha)	Fjöldi íbúða	Fjöldi nýrra íbúða	Núverandi íbúðir	Tími*
ÍB-801	Lækjarbakki – Steinaborg	4,6	24	15	9	1, 2
ÍB-802	Laugarhvammur	0,4	4	2	2	1, 2
Samtals		5	28	17	11	

* 1: 2020-2027, 2: 2028-2035. Áætluð áfangaskipting uppbyggingar.

SKÝRINGAR

- - Þéttbýlismörk (PM)
- - Reiðleið
- Tengivegur
- ⊕ Hitaveita
- Aðrir vegir og götur
- Hús
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)
- Athafnasvæði (AT)
- Samfélagsþjónusta (S)
- Verslun og þjónusta (VP)
- Íbúðarbyggð (ÍB)
- Landbúnaðarsvæði (L)
- Mörk skipulagsbreytinga

Samþykkt og staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur málsmeðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn

þann _____ 202_

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

þann _____ 202_

Breyting á Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035
Þéttbýlisuppráttur Steinsstaðir
Íbúðarbyggð ÍB-801 Lækjarbakki - Steinaborg

Breyting á töflu

Hnitakerfi: ISN93 Blaðstærð: A3

Breyting: Skipulag:ASK

VSÓ RÁÐGJÖF

Teikning: 22630_ASK_T_THU_06 Dags.: 8.12.2023

Skipulag: ÍAK Yfirf.: HTT